



SKÓLANÁMSKRÁ
GRUNNSKÓLADEILDAR
ÞINGEYJARSKÓLA

2024 - 2026



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Skólinn	5
Saga skólans	5
Merki skólans og einkunnarorð	5
Stefna skólans (framtíðarsýn)	5
Skólareglur	6
Sérstaða skólans	7
Skólahúsnæði	8
Skólalóð	9
Stjórnskipulag Þingeyjarskóla	10
Skipurit Þingeyjarskóla	10
3. Uppeldisfræðileg stefna	11
4. Kennsluhættir og námsmat	12
Markmið náms samkvæmt markmiðum aðalnámskrár	12
Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi	13
5. Grunnþættir menntunar og áherslur þættir í grunnskólalögum	15
Læsi	15
Sjálfbærni	15
Heilbrigði og velferð	16
Lýðræði og mannréttindi	16
Jafnrétti	17
Sköpun	17
6. Mat skólans á árangri og gæðum	19
Innra mat	19
Bravo Lesson	20
Framkvæmd innra mats	21
Ytra mat	21
7. Helstu viðburðir	23
Haust- og vorgleði	23
Þemavinna (haust, jól, vor)	23
Dagsuppbrot	23
Danskennsla	24
Skíðaferð	24
Upplestrarhátíð	24
Jólafondurdagur	24
Litlu jól	24
Samstund- STÁSS	24
Öskudagur	25
8. Samstarf heimila og skóla	26
Trúnaður	26
Upplýsingamiðlun	26

Kennslukerfi Google	27
Mentor	27
Heimanám	27
Nemenda-/foreldraviðtöl	27
Óveður/ófærð	27
Forföll og leyfi	28
Skólaakstur	28
Mötuneyti	28
Foreldrafélag	28
9. Samstarf við aðrar skólastofnanir og deildir	29
Leikskóli	29
Tónlistardeild	29
Framhaldsskóli	29
Aðrir grunnskólar	30
Háskólinn	30
10. Tengsl við nærsamfélagið	30
Starfskynningar	31
Haust- og vorþemadagar	31
Safnaferðir (t.d. vor- og haustþema)	31
Eldri borgarar	31
11. Stoðþjónusta	31
12. Móttaka nýrra nemenda og starfsmanna	31
Nemendur í 1. bekk	32
Nýir nemendur	32
Móttaka og kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku	32
Móttaka og tilfærsluáætlun nemenda með sérþarfir	33
Móttaka nýrra starfsmanna	33
13. Áætlanir og stefnur	34
Uppeldisstefnan jákvæður agi	35
Læsisstefna	35
Starfsmannastefna	35
Starfsþróunarstefna	35
Forvarnarstefna Þingeyjarskóla	36
Viðbragðsáætlun gegn einelti	37
Viðbrögð við áföllum	37
Áfallateymi Þingeyjarskóla	38
Öryggi, slysavarnir og tryggingar	38
Rýmingaráætlun	38
Röskun á skólahaldi	39
Óveður og/eða ófærð	39
Jafnréttis- og mannréttindaáætlun	39
Veikindafaraldur	40
Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta og eldgoss.	40

1. Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum ber grunnskólum að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og skólastefnu Þingeyjarsveitar. Í skólanámskránni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum hans ásamt því að gera grein fyrir áherslum í námi og kennslu nemenda. Í skólanámskrá Þingeyjarskóla koma fram helstu einkenni skólans og gerð er grein fyrir þeim gildum sem skólastarfið byggist á.

Skólanámskrá skólans er endurskoðuð á tveggja ára fresti en starfsáætlun á hverju ári. Í starfsáætlun eru m.a. birtar upplýsingar sem geta verið breytilegar á milli ára.

Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru birtar á heimasíðu skólans.

2. Skólinn



Saga skólans

Þingeyjarskóli er grunnskóli fyrir börn í 1.-10. bekk. Skólinn tók til starfa haustið 2012 eftir sameiningu Hafralækjarskóla, Litlulaugaskóla, leikskólanna Barnaborgar og Krílabæjar og tónlistardeilda. Grunnskólinn og tónlistardeildirnar störfuðu bæði í Litlulaugaskóla og í Hafralækjarskóla til vors 2015 en þá var ákveðið að færa alla starfsemi skólans, nema leikskóladeildanna, í húsnæði Hafralækjarskóla og um leið að nota alfarið nafn Þingeyjarskóla. Árið 2019 var starfsemi leikskóladeildarinnar Barnaborgar færð í húsnæði Þingeyjarskóla á Hafralæk. Haustið 2024 var gerð sú skipulagsbreyting að ráðinn var skólastjóri leikskóladeilda. Þar með starfa tveir skólastjórar við Þingeyjarskóla, annar yfir grunn- og tónlistarskólanum og hinn yfir leikskólanum. Skólastjórnir tveir mynda sameiginlega skólastjórn í Þingeyjarskóla og sinna og stjórna m.a. sameiginlegum verkefnum og stefnumótun.

Þingeyjarskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr 91/2008. Skólinn telst til fámennra skóla þar sem nemendum er m.a. samkennt í ákveðnum námshópum. Áhersla er á teymisvinnu og -kennslu í skólanum og er mikið lagt upp úr því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og skapa þeim hvetjandi námsumhverfi.

Merki skólans og einkunnarorð

Ábyrgð, virðing og gleði eru þau gildi sem höfð eru að leiðarljósi í starfi Þingeyjarskóla.

(Merki skólans í vinnslu)

Stefna skólans (framτίðarsýn)

Þingeyjarskóli vinnur eftir [Skólastefnu Þingeyjarsveitar](#) sem er sáttmáli samfélagsins um þróun skólastarfs í sveitarfélaginu. Skólastefnan byggir á grunnþáttum menntunar eins og þeir

eru skilgreindir í Aðalnámskrá og er ætlað að vera lifandi tæki sem markvisst er beitt til að gera gott skólustarf enn betra.

Skólustarfinu er ætlað að vera markvisst, skapandi og sveigjanlegt og hafa nám, velferð og þroska nemenda í fyrirrúmi. Tryggja skal nemendum og starfsfólki bestu náms- og starfsaðstæður sem völ er á hverju sinni. Leikreglur jafnréttis og lýðræðis skulu vera lifandi þáttur í öllu starfi skólans. Í Þingeyjarskóla skal í öllu skólustarfi leitast við að efla með nemendum samkennd, virðingu, sjálfstraust, félagsfærni, skapandi og gagnrýna hugsun, siðferðiskennd og lífsgleði.

Skólareglur

Í Þingeyjarskóla er áhersla lögð á jákvæð samskipti milli allra sem þar starfa: nemenda, kennara og alls starfsfólks. Unnið er eftir hugmyndafræði jákvæðs aga þar sem leitast er við að skapa skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Lögum samkvæmt skulu skólar setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur.

Skólareglur Þingeyjarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort heldur í kennslu, innan veggja skólans eða utan, á skólaskemmtunum, á skólalóð, í skólabíl, í vettvangsferðum, í félagsstarfi eða ferðalögum á vegum skólans.

Skólareglurnar eru eftirfarandi:

- Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi. ...því þá liður okkur betur...
- Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks...því þau vilja okkur vel...
- Við mætum á réttum tíma og með viðeigandi gögn...því þá gengur okkur betur...
- Við förum vel með eigur okkar, annarra og skólans...því þá græða allir...
- Við yfirgefum ekki skólalóðina nema með leyfi starfsmanns...því þannig erum við öruggari...
- Við notum síma og önnur rafeindatæki eingöngu með leyfi starfsmanns...því þá lærum við fjölbreyttari hátt...
- Við notum ekki tóbak eða önnur vímuefni...því það skaðar heilsuna okkar...

Sérstaða skólans***Sviðslistir***

Í skólanum er rík áhersla lögð á sviðslistir. Eina viku á ári fá allir nemendur kennslu í fjölbreyttum dönsum og tvisvar sinnum á ári eru settar upp leiksýningar í fullri lengd þar sem nemendur taka þátt í allri uppsetningu og framkvæmd. Nemendur tónlistarskólans sjá um undirspil með aðstoð kennara sinna og nemendur taka að sér hin ýmsu hlutverk í verkinu.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum.

Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu.

Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu leiksýningar styrkjast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólafarfinu auk þess sem slíkir viðburðir hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaanda og gefa tækifæri til samstarfs heimilis og skóla.

Tæknin

Þingeyjarskóli leggur mikla áherslu á að nýta tækni í námi og hefur skólinn á að skipa góðum tækjakosti. Allir nemendur í 7. - 10. bekk fá sinn eigin Ipad til afnota og um hann er gerður samningur milli skóla og heimilis. Þá eru bekkjarsett af Ipöðum til á mið- og yngsta stigi og í einstaka tilfellum fá nemendur afnota af eigin ipad áður en þeir koma í 7. bekk. Til eru nokkrar Chromebook vélar sem eru til afnota fyrir alla nemendur skólans. Allir kennarar skólans eru með Apple fartölvur og flestir einnig með Ipad til umráða. Skólinn á sett af Sphero (forritanlegum vélmennum), þrívíddar prentara og vínilskera. Það eru skjávarpar eða sjónvörp í öllum stofum með möguleika á að varpa beint upp á vegg úr snjalltækjum.

Nemendur hafa einnig aðgang að bleksprautuprentara. Það er ljósleiðari í skólanum og öflugt þráðlaust net.

Tónlistarskóladeild og marimba

Í Þingeyjarskóla er rík áhersla lögð á tónlistarkennslu og setur tónlistin sterkan svip á alla starfsemi skólans. Tónlistarskólinn er staðsettur í vesturkjallara skólahúsnaðisins og hefur til umráða fjórar kennslustofur þar sem nær öll tónlistarkennsla fer fram, tónmennt, marimba og

hljóðfærakennsla. Leikskólabörn úr Barnaborg koma í tónlist í húsnæði tónlistardeildar en nemendur í Krílabæ fá kennslu á Laugum. Þeir nemendur grunnskólans sem eru í hljóðfæranámi sinna því á skólatíma. Nemendur tónlistardeildar taka ríkan þátt í uppsetningum á skólasýningum.

Allir nemendur skólans fá kennslu á marimba. 1.-7. bekkur er í tímum til móts við tónmennt og 8. 9. og 10. bekkur sækja tíma einu sinni í viku. 9. og 10. bekkur fara á vegum skólans í tónleikaferðir og sækja námskeið erlendis. Marimbatímar eru valkvæðir hjá nemendum í 10. bekk.

Leikskóladeildir

Í Þingeyjarskóla eru tvær leikskóladeildir, Krílabær á Laugum og Barnaborg í suðurkjallara skólahúsnæðisins á Hafralæk. Lögð er áhersla á gott samstarf á milli nemenda á yngsta stigi grunnskólans og elsta árgangs leikskóladeildanna. Þá er einnig samstarf milli leik- og grunnskólans á þann veg að list- og verkgreinakennarar og fleiri eftir þörfum taka að sér kennslutíma í leikskóladeildunum.

Skólahúsnæði

Þegar ákveðið var að öll starfsemi grunnskólans yrði í húsnæði grunnskólans á Hafralæk var farið í miklar endurbætur á húsnæðinu. Öll starfsmannaaðstaða var færð upp á hæðina fyrir ofan mötuneytið en þar hafði áður verið heimavist. Það húsnæði hafði lítið verið notað. Þá var ákveðið að kennslustofur allra stiga og námsver yrðu staðsett á aðalhæðinni ásamt því að bókasafninu var komið fyrir þar sem starfsmannaaðstaða og hluti tónlistardeildar hafði verið áður. Opnað var út á gang þannig að bókasafnið er nokkurs konar hjarta skólans. Þar geta bæði nemendur og starfsfólk farið og skráð bækur á sig og skilað og góð vinnuaðstaða er þar fyrir nemendur til að vinna í litlum hópum. Þá er bókasafnið einnig opið fyrir almenning.

Aðstaða tónlistarskólans var færð í vesturkjallarann. Í suðurkjallara eru list- og verkgreinastofur. Á haustdögum 2019 var starfsemi leikskóladeildarinnar Barnaborgar færð í suðurkjallara húsnæðisins eftir miklar endurbætur á þeim hluta húsnæðisins sem áður hýsti sundlaug og búningsklefa Hafralækjarskóla.

Íþróttir eru kenndar bæði í Ýdölum og íþróttahúsi Framhaldsskólans á Laugum og sund í 25 metra langri sundlaug sveitarfélagsins sem er þar við íþróttahúsið. Frístund er staðsett í skólahúsnæði Þingeyjarskóla og fer að mestu fram í vesturkjallara, setustofu og

kennslustofum. Frístund hefur einnig aðgang að austurkjallara í Ýdölum þar sem félagsmiðstöðin Skjálfandi er til húsa.

Mötuneyti er staðsett á aðal hæðinni í nýstandsettu og vel útbúnu eldhúsi. Boðið er upp á fjölbreyttan morgunverð, ávexti um miðjan morgun og hádegisverð þar sem leitast er við að bjóða upp á hollan og góðan mat sem uppfyllir markmið Lýðheilsustofnunar. Matseðlar eru gefnir út mánaðarlega og birtir á heimasíðu skólans.


Skólalóð

Skólalóð Þingeyjarskóla er stór og umhverfið fjölbreytt. Leiksvæði nemenda er sunnan og austan við skólann. Á lóðinni eru fótboltavellir, körfuboltavöllur, leiktæki, ærslabelgur, sandkassi og rólur. Útikennslusvæði er sunnan við skólann. Þar er eldstæði staðsett í skógarrjóðri ásamt kofum sem nemendur eru með í stöðugri þróun.

Stjórnskipulag Þingeyjarskóla

Skólastjóri grunnskóladeildar Þingeyjarskóla myndar skólastjórn ásamt leikskólastjóra Þingeyjarskóla og sjá þeir saman um sameiginleg verkefni og stefnumótun. Skólastjóri grunnskóladeildar ber aðalábyrgð á starfi grunnskólans, stefnu hans og starfsháttum og vinnur í nánú samstarfi við þrjá teymisstjóra grunnskóladeildar.

Skipurit Þingeyjarskóla



Heimasíða

Heimasíðu skólans má finna á eftirfarandi slóð: www.thingeyjarskoli.is

3. Uppeldisfræðileg stefna

Þingeyjarskóli vinnur eftir hugmyndafræði og uppeldisstefnu Jákvæðs aga. Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Lögð er áhersla á kennslu, skilning, hvatningu, jákvæð samskipti og gott samband milli heimila og skóla. Starfsmenn vinna saman í teyrum og hjálpast að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma.

Jákvæður agi gefur börnum jafnframt tækifæri til að efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni þar sem virðing, góðvild og festa er höfð að leiðarljósi. Með notkun Jákvæðs aga viljum við styðja nemendur í að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni, sem kemur til með að styrkja þá sem einstaklinga og auðvelda þeim að takast á við verkefni daglegs lífs.

Hlutverk skólans er að stuðla að almennri menntun og þroska allra nemenda. Skólinn er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroskaskeiði þeirra og því skiptir starfið sem þar er unnið miklu máli. Skólinn er ekki einungis undirbúningur fyrir lífið heldur hluti af lífinu sjálfu. Markmið Þingeyjarskóla er að nemendur öðlist góða færni bæði í náms- og félagslegum þáttum.

Skólinn er samfélag þar sem allir vinna saman að því að læra, þroskast og taka framförum. Þar er lögð áhersla á að nemendum líði vel við sína vinnu, séu fróðleiksfúsir, glaðir og beri virðingu hver fyrir öðrum. Markmið grunnskólans er tvíþætt, annars vegar menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í Lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu.

Allir starfsmenn skólans styðja við nemendur svo þeir megi vaxa og þroskast sem ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar. Hlutverk starfsfólksins er að skapa jákvætt námsumhverfi og vera nemendum fyrirmyndir í viðhorfum til náms, vinnubrögðum og vinnusemi.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á að koma sem best til móts við þroska, hæfileika og getu hvers nemanda og auka líkur á að nemendur nái að efla styrkleika sína og virkja þá krafta sem í þeim búa. Til þess að svo megi verða beita kennarar fjölbreyttum kennsluháttum með markvissu skipulagi kennslu og náms án aðgreiningar. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og nemendur eru hvattir til að gera ávallt sitt besta, sýna áhuga og frumkvæði í námi.

Unnið er markvisst að því að auka ábyrgð nemenda og ætlast er til að þeir takist á við verkefni sín með jákvæðu hugarfari og þrautseigju. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að þeir eru ábyrgir fyrir eigin námi. Brýnt er fyrir nemendum og þeim leiðbeint við að íhuga sitt eigið nám og námsaðferðir, einnig að vera meðvitaðir um hvernig þeir sinna sínu námi og að þær kröfur sem þeir gera til sjálfra sín ráða mestu um hvernig þeim gengur í náminu.

Í skólanum fylgir meginþorri nemenda sömu áætlun en áhersla er lögð á að bregðast við þörfum hvers og eins. Kennarinn metur hvers nemandinn þarfnast, hvort hann getur farið hraðar yfir námsefnið og tekist á við erfiðari viðfangsefni eða hvort að einfalda þurfi efnið eða jafnvel skipuleggja sérúrræði. Leitast er við að koma til móts við þá nemendur sem á einhvern hátt þurfa á sértækri námsaðstoð að halda, ýmist tímabundið eða til lengri tíma.

Lögð er áhersla á öflugt skólasamfélag sem byggir á góðu samstarfi skólans, heimilanna og nærsamfélagsins alls. Velferð nemenda og góð námsframvinda byggir ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og séu virkir þátttakendur í námi þeirra og starfi. Áhersla er lögð á reglulegar upplýsingar um liðan og námsframvindu frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma.

4. Kennsluhættir og námsmat

Markmið náms samkvæmt markmiðum aðalnámskrár

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, s.s. einstaklingsvinnu, hópavinnu, paravinnu, þemavinnu, útikennslu, vettvangsferðir, tilraunir, umræður, samkennslu innan árganga og speglaða kennslu. Fyrri reynsla og þekking nemenda er notuð sem grunnur að áframhaldandi námi og komið er til móts við hvern og einn þar sem hann er staddur með námsefni við hæfi og einstaklingsmiðaðri kennslu. Námið er tengt reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi eins og frekast er unnt. Leitast er við að nemendur læri að hluta til í gegnum leik og skapandi starf sem ýtir undir betri skilning og jákvætt viðhorf til námsins. Almenn er ætlast til að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi.

Við val á kennsluháttum er stuðst við lykilhæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla 2013 og eftirfarandi atriði eru höfð að leiðarljósi:

- Að nemendur nái árangri í námi

- Að nemendum líði vel og séu áhugasamir í námi
- Að nemendur nái markmiðum sínum í námi
- Að nemendur læri að skipuleggja nám sitt og beri ábyrgð á eigin vinnu
- Að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð
- Að nemendur efli samstarf í gegnum hópstarf
- Að samþætta námsgreinar þegar kostur er
- Að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbreytilegum verkefnum sem krefjast skapandi og gagnrýnnar hugsunar.

Allir nemendur í 7. – 10. bekk fá spjaldtölvu frá skólanum til afnota í náminu. Nemendur á yngsta – og miðstigi hafa einnig spjaldtölvur til afnota. Þar að auki á skólinn Cromebook tölvur sem nemendur á öllum stigum skólans eru duglegir að nota í verkefnavinnu. Með þeim hafa nemendur fleiri bjargir í höndunum og er þar af leiðandi hægt að leiðbeina þeim um sjálfstæðari vinnubrögð með hjálp tölvanna. Þetta felst meðal annars í því að nemendur eiga auðveldara með að halda utan um námsgögn og skipulag námsins og geta nálgast upplýsingar á auðveldan og skjótvirkan hátt. Einnig gefst nemendum með lestrarörðugleika tækifæri til að nýta sér tæknina með ýmsu móti, m.a. með nýtingu tal- og skrifgervla í náminu. Auðveldara reynist að einstaklingsmiða námið. Á hverju ári eru gerðar stigsnámskrár þar sem fram koma markmið og kennsluhættir í hverri grein. eru þær birtar á heimasíðu skólans.

Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Námsmat er órjúfanlegur hluti af námi og kennslu og mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar þeirra fái vitneskju um forsendur námsmats og að nemendur séu meðvitaðir um matsviðmið sem liggja til grundvallar námsmati svo þeim sé ljóst til hvers er ætlast af þeim. Megintilgangur námsmats er að safna upplýsingum um námslega stöðu nemenda. Þannig fæst staðfesting á hvort nemendur hafi tileinkað sér þá þekkingu, leikni og hæfni sem felst í þeim hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og matsviðmiðum sem unnið er að hverju sinni. Með námsmati fást upplýsingar um námslega stöðu nemenda á þeim tímamarki sem þeirra er aflað. Þegar upplýsingar úr námsmati eru nýttar með markvissum hætti er meðal annars unnt að styrkja kennslu og kennsluaðferðir til að efla námsárangur nemenda og efla samstarf og samskipti

heimila og skóla.

Til að auka áreiðanleika og réttmæti námsmats þarf það að grundvallast á:

- matsviðmiðum sem byggja á þeim hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem unnið hefur verið með,
- athugunum, prófunum eða vel skilgreindum verkefnum vegna þeirrar þekkingar, leikni eða hæfni sem verið er að draga ályktanir um,
- mati á þeirri þekkingu, leikni eða hæfni sem meta á hverju sinni.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat og að það nái til sem flestra námsþátta. Þannig eru metin verkleg, munnleg, skrifleg og myndræn verkefni og próf með eða án hjálparganga. Staða nemenda í lykilhæfni aðalnámskrár er metin eftir frammistöðu þeirra í verkefnum sem reyna á lykilhæfni í hverri námsgrein eftir því sem við á.

Lykilhæfniþættirnir eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Í september og í janúar eru viðtaladagar. Þá fer fram formlegt samtal milli kennara, nemenda og foreldra um líðan, framvindu náms og lykilhæfni. Haldið er utan um námsmat í Google Classroom jafnt og þétt yfir skólaárið. Þær upplýsingar eru síðan færðar í vitnisburðarskjal í lok hvorrar annar. Í lok hvorrar annar, í janúar og maí, fá nemendur 1. – 10. bekkja vitnisburð með niðurstöðum lokamats í námsgreinum. Hæfniviðmið aðalnámskrár og skólaviðmið eru til grundvallar mats á hæfni nemenda í 1. – 10. bekk. Kennarar leiðbeina nemendum um raunhæft sjálfsmat og gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig þeim miðar í átt að þeim. Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennara. Leiðsagnarmat fer fram í kennslustundum og byggir fyrst og fremst á endurgjöf og leiðsögn á meðan nemandi vinnur verkefni sín hverju sinni. Stignámskrár eru birtar á heimasíðu skólans og í þeim kemur fram hvernig námsmati er háttað í hverjum námsþætti.

5. Grunnþættir menntunar og áherslupættir í grunnskólalögum

Grunnþættir í menntun og áherslupættir Aðalnámskrár grunnskóla byggja á sex grunnþáttum menntunar en þeir eru, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir byggja á því viðhorfi að unnið sé að markmiðum sem varða hvern og einn en þeir eru jafnframt samfélagsmiðaðir. Þeir snúast um að börn og unglingar læri að byggja sig upp bæði andlega og líkamlega auk þess að vinna með öðrum. Með þeim er lögð áhersla á skólabrag og starfshætti sem styrkja nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í síbreytilegu þjóðfélagi. Þeim er ætlað að stuðla að því að samfélagið fái vel menntaða og heilbrigða einstaklinga til þátttöku og starfa í samfélaginu. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans og endurspeglast í starfsháttum og skólabrag.

Læsi

Læsi í víðtækum skilningi á að vera stór þáttur í öllu námi nemenda. Allir kennarar í skólanum eiga að efla læsi og veita þjálfun í tjáningu.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á að:

- Skólinn marki sér læsisstefnu með skýrum markmiðum og skilgreindum matstækjum. Læsisstefna er í vinnslu.
- Nemendur nái góðu valdi á lestri og ritun texta.
- Nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun.
- Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.
- Vinna markvisst með samskipta-, upplýsinga-, vísinda- og tilfinningalæsi.

Sjálfbærni

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærni, bæði með fræðslu en ekki síður með virkri þátttöku í verkefnum sem auka skilning og móta jákvæð viðhorf til umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver einstaklingur þroskast sem virkur borgari sem meðvitaður er um viðhorf sitt gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa. Umhverfismennt er hluti af samfélags- og náttúrufræðikennslu en nemendur flokka einnig rusl og taka þátt í hreinsun skólalóðar að vori. Í list- og verkgreinum er jafnframt hefð fyrir endurnýtingu efnis.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á að:

- Nýta náttúru og umhverfi í kennslu, m.a. í haust- og vorþemavinnu.
- Flokka endurvinnanlegt rusl og nýta matarleifar.
- Kynna mikilvægi sjálfbærni í kennslu.

- Nýta tré/runna í smíðakennslu.
- Efla útikennslu og grenndarkennslu.

Heilbrigði og velferð

Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Nemendum er leiðbeint með að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Í skólanum er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Lögð er áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, andlega vellíðan, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi í virkri þátttöku í samfélaginu.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á að:

- Í skólanum sé virk viðbragðsáætlun gegn einelti og forvarnaáætlun.
- Í skólanum sé boðið upp á fjölbreytta, holla og næringarríka fæðu.
- Hvetja til hreyfingar og útivistar.
- Auka meðvitund nemenda um mikilvægi hreinlætis og snyrtimennsku.
- Hver einstaklingur fái að njóta sín og nýta styrkleika sína.
- Efla færni í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun.
- Fræða nemendur um þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan og styðja þá svo þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðismenntun snýst um að virkja nemendur. Að einstaklingurinn finni að hann er gerandi í eigin lífi, hann geti haft skoðanir og að á hann sé hlustað. Kennarar leggja áherslu á samræður í kennslu sem einkennast af umhyggja og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman í ólíkum hópum að verkefnum sem fela í sér samvinnu við skólafélagana. Lögð er áhersla á að nemendur fræðist um mannréttindi og jafnrétti og að hvergi gæti mismununar í starfi skólans. Námið byggir á gagnrýnni hugsun og ígrundun um gildi samfélagsins. Í öllum starfsháttum þarf að taka tillit til viðhorfa, gildismats og siðferðis sem fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á:

- Að einstaklingurinn finni að hann er gerandi í eigin lífi, hann geti haft skoðanir og að á hann sé hlustað.
- Samræður sem einkennast af kurteisi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Samvinnu í ólíkum hópum.
- Að fræða nemendur um mannréttindi og jafnrétti
- Að hvergi ríki mismunun í skólastarfinu.
- Að taka tillit til viðhorfa, gildismats og siðferðis.
- Gagnrýna hugsun og ígrundun um gildi samfélagsins.

Jafnrétti

Allt skólastarfið skal vera í anda jafnréttis og á það að vera samofið leik og starfi nemenda. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum samfélagsins og kennir nemendum að greina aðstæður sem leiða til mismununar. Áhersla er lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Í öllu skólastarfinu er farið eftir ákvæði jafnréttislaga um kyn, fötlun, kynhneigð, trúarbrögð og þjóðerni. Lögð er áhersla á að skólinn starfi án aðgreiningar. Mikilvægt er að skapa meðvitund um mismunandi félagsstöðu og vægi íbúa í nærsamfélaginu.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á að:

- Í skólanum sé virk jafnréttisáætlun.
- Búa alla undir jafna þátttöku í samfélaginu.
- Fræða nemendur um jafnan rétt allra m.t.t. kyns, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis og trúarbragða.
- Skólastarfið sé án aðgreiningar.
- Fræða um ýmsa þætti jafnréttis og hvernig þeir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.
- Nota fjölbreytt viðfangsefni og kennsluaðferðir til að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga.
- Vinna markvisst með samskipti.

Sköpun

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna nýja möguleika. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst um lausn viðfangsefna og nýja möguleika. Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á skapandi greinar s.s. tónmennt/ marimba, leiklist/tjáningu, myndlist og dans. Ýmis skapandi viðfangsefni skipa stóran sess í skólastarfinu og má í því sambandi nefna heildstæð og samþætt verkefni og þemavinnu.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á:

- Ígrundun, persónulegt nám og frumkvæði.
- Fjölbreyttar lausnir viðfangsefna.
- Tengingu við skapandi greinar, s.s. tónmennt, leiklist, myndlist og dans.

6. Mat skólans á árangri og gæðum

Innra mat

Samkvæmt gildandi grunnskólalögum ber grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Hverjum skóla er síðan í sjálfsvald sett hvaða aðferð hann velur til að vinna að innra mati, að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum. Í Þingeyjarskóla er notað innra mats kerfið Bravo Lesson

Bravo Lesson byggir á bæklingnum Gæðastarf í grunnskólum sem gefin var út af Menntamálastofnun 2018. Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á þremur þáttum skólastarfs sem hver um sig skiptist í mismarga kafla.

Bravo Lesson



Páttur	Kaflar
Stjórnun og fagleg forysta	<ol style="list-style-type: none"> 1. Samvirkni í stefnumótun 2. Faglegt samstarf og samræða 3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu 4. Umbætur og innleiðing breytinga 5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir 6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting 7. Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna
Nám og kennsla	<ol style="list-style-type: none"> 1. Inntak og námskrá 2. Árangur náms 3. Gæði kennslu 4. Skipulag náms 5. Námsvitund 6. Ábyrgð og þátttaka
Innra mat	<ol style="list-style-type: none"> 1. Skipulag 2. Framkvæmd 3. Umbætur

(Gæðastarf í grunnskólum, bls 8)

Framkvæmd innra mats

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Sjá má þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Þingeyjarskóla í árlegri sjálfsmatsskýrslu skólans.

Sjálfsmatsnefnd er starfandi í Þingeyjarskóla en nefndina skipa teymisstjórar af hverju stigi og skólastjóri. Hlutverk sjálfsmatsnefndar er að annast skipulag, fyrirlögn og eftirfylgni mats og umbóta. Starfsfólk skólans vinnur reglubundið að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni.

Innra mat er annars vegar unnið af matsnefnd m.a. með tilliti til kannana sem gerðar eru en hins vegar af kennurum og/eða starfsmannahópum.

Helstu umbóta- og þróunarverkefni frá stofnun skólans:

Árið 2015-2022 Tækniþekking kennara, stuðningur, efling og öryggi. Spjaldtölvur í námi og kennslu.

Árið 2018 var uppeldisstefnan Jákvæður agi innleidd í skólastarfið og er í sífelldri mótun og þróun.

Árið 2019-2021 Skólanámskrá Þingeyjarskóla.

Árið 2020-21 hófst notkun á nýju námsmati þar sem skólinn hóf notkun á forritinu SEESAW. Hægt er að meta nemendur í gegnum forritið en þar eru hæfnimarkmið aðalnámskrár inni. Einnig býr forritið til ferilmöppur sem fylgja nemendum og foreldrum er gefinn kostur á fylgjast með námsframvindu og verkefnum nemenda. Námsmatið er svo unnið í gegnum google í námsmatsskjali sem Ingvi Hrannar Ómarsson er höfundur að. Haustið 2023 var notkun forritsins Seesaw hætt vegna úrskurðar frá persónuvernd. Áfram er unnið með Google classroom og námsmatsskjal Ingva Hrannars.

Árið 2023 - 2027: Læsi fyrir lífið, þróunarverkefni.

Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á grunnskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í ytra mati felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það meðal annars gert með því

að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknir úttektaraðila og viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Ytra mat á grunnskólum er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á hverju ári eru tíu grunnskólar metnir. Ytra mat er grundvallað á lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, gildandi reglugerðum um mat og eftirlit og þriggja ára áætlunum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á þessu skólastigi.

7. Helstu viðburðir

Haust- og vorgleði

Haustgleði Þingeyjarskóla er haldin í október/nóvember ár hvert og vorgleðin í mars. Á haustgleðinni setja nemendur unglíngastigs og hluti yngsta stigs upp söngleikrit en á vorgleði eru það nemendur miðstigs og hluti yngsta stigs sem sjá um skemmtiatriðin. Nemendur grunn- og tónlistarskóladeilda sjá alfarið um leik, söng og undirspil með aðstoð kennara sinna. Undirbúningur hefst yfirleitt um þremur vikum fyrir sjálfa gleðina. Þá fá nemendur handrit í hendur og byrja að æfa sinn texta eða sínar nótur. Síðasta vikan fyrir gleði fer öll í æfingar sem fara fram í Ýdölum. Bæði haust- og vorgleðin eru nemendadagar og því mæta allir nemendur skólans. Sýningin er sýnd í Ýdölum og eru allir aðstandendur og velunnarar velkomnir.

Þemavinna (haust, jól, vor)

Þingeyjarskóli byrjar hvert skólaár á haustþema. Þar er lögð áhersla á hópefli, náttúrufræði og grenndarkennslu. Hvert haust er tekið fyrir eitt af eftirfarandi viðfangsefnum: Líf í vatni, líf í sjó og líf á landi. Eru þá allir nemendur skólans að vinna að sama viðfangsefninu í hvert sinn en efnistöð og umfjöllun dýpkuð við hæfi og eftir aldri nemenda. Allir nemendur fara í haustferð, yngsta stig og miðstig fara í dagsferðir en unglíngastig fer í gistiferð.

Síðustu dagana fyrir jól er hefðbundið skólastarf brotið upp og við tekur jólaþema.

Nemendum er skipt upp í blandaða aldurshópa og vinna ýmis verkefni tengd jólunum. Sem dæmi má nefna laufabrauðsgerð, jólaratleik, jólatarzan, brjóstykursgerð, föndur og margt fleira.

Síðustu daga skólaársins er hefðbundnum kennsludögum einnig ýtt til hliðar og við taka skóladagar sem einkennast af útivist, leikjum, náttúruskoðunum, sveitaheimsóknum og mörgu fleiru.

Dagsuppbrot

Í Þingeyjarskóla eru fjölmargir fastir viðburðir á hverju skólaári sem eru hluti af menningu skólans.

Danskennsla

Danskóli Jóns Péturs sér um danskennslu í Þingeyjarskóla. Allir nemendur fá viku kennslu í fjölbreyttum tegundum dansa. Í lok vikunnar er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á danssýningu þar sem allir nemendur skólans sýna afrakstur vikunnar.

Skíðaferð

Þingeyjarskóli býður nemendum sínum á skíði einu sinni á ári. Skólinn sér um keyrslu, aðgangskort í fjallið og nesti. Nemendur þurfa sjálfir að koma með skíðabúnað eða leigja sér hann. Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir með í þessa skemmtilegu ferð.

Upplestrarhátíð

Ár hvert eru haldnar upplstrarhátíðir á landsvísu fyrir nemendur 4. og 7. bekkjar sem nefnast Litla og Stóra upplestrarkeppnin. Nemendur Þingeyjarskóla hafa tekið þátt og oft hefst formlegur undirbúningur í kringum dag íslenskrar tungu. Markmið upplestrarhátíðanna er að nemendur þjálfist í upplestri og framkomu.

Jólafröndurdagur

Í byrjun desember undirbýr starfsfólk skólans fröndurdag. Þá gefst foreldrum/aðstandendum tækifæri að koma í skólann og fröndra með börnum sínum. Nemendur fara heim strax að loknum hádegisverði.

Litlu jól

Síðasti dagur skólaársins fyrir jól er haldinn hátíðlegur. Nemendur mæta þrúðbúnir á venjulegum tíma í skólann og byrja morguninn á umsjónartíma. Síðan kemur uppbot þar sem allir taka þátt. Hátíðarmatur er fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans í matsal og borðaður er jólamatur og ís á eftir.

Samstund- STÁSS

STÁSS tími er sameiginlegur tími á stundaskrá allra nemenda en þá koma allir nemendur á sameiginlega samverustund í setustofu skólans. Gert er ráð fyrir þessum tíma hálfsmánaðarlega með einhverjum undantekningum þó. Tíminn er m.a. nýttur í umræður/tilkynningar sem eiga við allan hópinn, kynningar þar sem nemendahópar kynna áhugaverð verkefni úr skólastarfinu og þá enda allar STÁSS stundir á söng í umsjón tónlistarkennara.

Öskudagur

Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla er hvatt til að koma í búningum í skólann. Eftir hádegið hefur Foreldrafélag Þingeyjarskóla séð um að skipuleggja öskudagskemmtun á Laugum fyrir nemendur.

8. Samstarf heimila og skóla

Grundvöllur þess að tryggja velferð barna og farsæla skólagöngu þeirra er gott og jákvætt samstarf heimila og skóla þar sem foreldrar gæta hagsmuna barna sinna í hvívetna, taka þátt í námi þeirra og foreldrasamstarfi og veita skólanum viðeigandi upplýsingar. Þingeyjarskóli leggur áherslu á að góð upplýsingagjöf milli heimila og skólans auk samstarfs kennara og foreldra í námi og kennslu sé forsenda fyrir velgengi í skólastarfi. Skólinn ber ábyrgð á að skipuleggja samstarfsgrundvöll og gera foreldrum kleift að sinna skyldum sínum sem frumábyrgðaraðila á uppeldi og menntun barna sinna. Umsjónarkennarar gegna þar lykilhlutverki en þeir eru megintengiliðir milli skóla og heimila. Þeir vinna náið með þeim aðilum sem koma að kennslu og þjónustu við nemendur sem eru í þeirra umsjón, safna og taka á móti upplýsingum og koma þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera öllum viðkomandi aðilum kleift að koma til móts við hagsmuni nemenda og foreldrum að taka þátt í ákvörðunum er varða börn þeirra og skólastarf.

Trúnaður

Allir starfsmenn skólans eru bundnir þagnareid um það sem fer fram í skólanum og snertir einkamál nemenda og foreldra þeirra. Jafnframt ber öllum gestum skólans skylda til að gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja um málefni annarra barna en þeirra eigin. Greiningar og skýrslur eru geymdar í einu eintaki í læstum skjalaskáp hjá skólastjóra og þær er ekki heimilt að ljósrita og eru ekki aðgengilegar til lestrar nema fyrir milligöngu sérkennara/skólastjóra. Foreldrar geta alltaf haft samband við skólastjóra til að fá aðgang að þeim gögnum sem til eru um barn/börn þeirra. Starfsmenn gæta sérstakrar aðgátar í vinnu með viðkvæm gögn, s.s. prófurlausnir, yfirlit um einkunnir og annað slíkt.

Upplýsingamiðlun

Helstu upplýsingamiðlar Þingeyjarskólar eru heimasíða skólans, Mentor og Google. Á heimasíðu skólans koma fram helstu upplýsingar er varða starfsemi skólans og umgjörð hans auk tilkynninga og fréttu. Öll stig senda vikulega upplýsingapósta til

foreldra/forráðamanna í gegnum tölvupóst þar sem fram koma helstu upplýsingar úr skólastarfinu og hvað framundan er.

Kennslukerfi Google

Kennslukerfi Google er undirstaða fjarkennslu í Þingeyjarskóla. Þar hafa allir nemendur sinn eigin reikning sem stýrt er af skólanum. Með kennslukerfi Google er Þingeyjarskóla fært að færa kennslu að hluta inn á heimilin ef þörf þykir.

Mentor

Allir kennarar hafa aðgang að skólaskráningarkerfinu Mentor og er þeim gert að setja þar inn viðeigandi upplýsingar. Nemendur og foreldrar hafa aðgang að upplýsingum þar inni sem snúa að þeim sjálfum í gegnum þeirra eigin persónulega aðgang. Kerfið er notað til að halda utan um upplýsingar um nám og gengi nemandans og til að stuðla að öruggum samskiptum milli skóla og heimilis. Tilkynningar berast foreldrum gjarnan í gegnum tölvupóst úr Mentor.

Heimanám

Þingeyjarskóli leggur áherslu á að nám nemenda fari eins mikið fram innan veggja skólans og mögulegt er. Þó getur komið fyrir að til heimanáms komi og reynir skólinn þá að einfalda umgjörð þess eins og hugsast getur, m.a. með notkun kennslukerfis Google. Undantekning á þessu er þó varðandi lestur. Mikilvægur þáttur í læsi er lestrarþjálfun sem þarf reglulega að fara fram heima með þátttöku og aðstoð foreldra, allt eftir aldri og þroska nemenda.

Nemenda-/foreldraviðtöl

Umsjónarkennari tekur einstaklingsviðtal við nemendur að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Markmið viðtalsins er að gefa nemendum kost á að setja sér markmið í námi og færi á að tjá sig um almenna líðan. Formlegir viðtaladagar foreldra eru tvisvar á skólaárinu, í lok anna. Þá mæta foreldrar/forráðamenn með börnum sínum í viðtal til umsjónarkennara. Þar er farið yfir gengi síðustu annar og ný markmið sett fyrir næstu önn.

Þingeyjarskóli leggur áherslu á virk samskipti og hvetur foreldra og nemendur til að óska eftir viðtölum við þá aðila sem koma að starfi viðkomandi barna, óháð föstum viðtalsdögum, ef þeir sjá þörf eða ástæðu til.

Óveður/ófærð

Skólastjóri og skólabílstjórar meta sameiginlega hvenær veður og færð eru orðin það slæm að óhjákvæmilegt er að fella niður skóla. Þurfi að fella niður skólalagd vegna veðurs eða

Ófærðar er það tilkynnt á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is og tilkynning send foreldrum/forráðamönnum í gegnum Mentor á formi sms. Skólasvæði Þingeyjarskóla er stórt og því getur veður og færð verið mjög mismunandi eftir svæðum. Það er foreldra að meta hvort þeir sendi börn sín í skóla og eru þeir beðnir að tilkynna það ef þeir telja nauðsynlegt að halda börnunum heima. Þurfi að senda nemendur fyrr heim vegna veðurs eða veðurspár er gengið úr skugga um að foreldrar/forráðamenn nemenda fái vitneskju um það.

Forföll og leyfi

Beiðni um leyfi skal berast frá foreldrum/forráðamönnum. Þurfi að óska eftir leyfi frá skóla fyrir nemanda lengur en í tvo daga ber foreldrum að hafa samband við skólastjóra en umsjónarkennari getur veitt leyfi til styttri tíma. Foreldrar eru minntir á að þeir sjá til þess að nemendur vinni það upp sem þeir kunna að missa úr námi á meðan leyfi stendur, sbr. 15.gr.laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Þetta geta foreldrar gert með því að skrá börn sín veik í gegnum Mentor, hringja í skólann eða senda tölvupóst á umsjónarkennara eða skólastjóra. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt.

Skólaakstur

Nánast allir nemendur Þingeyjarskóla nýta sér skólaakstur. Nemendur skólans koma úr Mývatnssveit, Reykjadal, Aðaldal, Kinn og Laxárdal. Nánari upplýsingar um leiðir skólabíla, nöfn og símanúmer bílstjóra er að finna á heimasíðu skólans. Foreldrar bera ábyrgð á því að tilkynna skólabílstjórum um breytingar á ferðahögum barna sinna sem venjulega nýta sér viðkomandi skólaakstur. Skólareglur gilda í skólabílum.

Mötuneyti

Mötuneyti er rekið af skólanum og býður sveitarfélagið upp á gjaldfrjálsar máltíðir. Allur matur er eldaður í vel útbúnu eldhúsi skólans og er leitast við að bjóða upp á hollan og góðan mat sem uppfyllir markmiðum Lýðheilsustofnunar. Matseðlar eru gefnir út og birtir á heimasíðu Þingeyjarskóla.

Foreldrafélag

Samkvæmt [9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal starfa foreldrafélag við grunnskóla](#). Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl

heimila og skóla. Foreldrafélagið setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið félagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra og starfsfólks í skólanum auk þess að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunar skilyrði.

Félaginu er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál ásamt því að standa vörð um réttindi nemendanna til aukins þroska og menntunar.

9. Samstarf við aðrar skólastofnanir og deildir

Leikskóli

Í Þingeyjarskóla eru starfandi tvær leikskóladeildir; Krílabær á Laugum og Barnaborg í Aðaldal. Haustið 2019 var starfsemi Barnaborgar færð yfir í aðalbyggingu Þingeyjarskóla en staðsetning Krílabæjar hélst óbreytt.

Lögð er áhersla á gott samstarf á milli nemenda á yngsta stigi grunnskólans og elsta árgangs leikskóladeildanna.

Markmiðin með samstarfinu eru að:

- Leikskólabörnin kynnist starfsfólki grunnskólans.
- Leikskólabörnin kynnist húsakynnum grunnskóladeildarinnar og finnist þau örugg innan veggja hennar.
- Börnin kynnist innbyrðis.
- Börnin kynnist reglum og vinnubrögðum í skólastofu grunnskólans.
- Grunnskólabörnin viðhaldi kynnum við leikskólabörnin og heimsæki leikskóladeildirnar.

Tónlistardeild

Mikið samstarf er á milli grunnskóladeildar og tónlistardeildarinnar. Deildirnar hafa sama dagskipulag í sínu starfi, þ.e. því sem snýr að kennslu einkatíma sem og hóptíma.

Tónlistardeildin hefur verið í alþjóðlegu samstarfi í afrískri-tónlist og menningu og tekið þátt í námskeiðum því tengdu. Marimbahópar skólans hafa spilað víða um land í skólum og á menningarstofnunum.

Framhaldsskóli

Nemendur í 9. og 10. bekk Þingeyjarskóla stendur til boða að fá kynningu á Menntaskólanum á Akureyri, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Framhaldsskólanum á Húsavík og

Framhaldsskólanum á Laugum. Nemendum Þingeyjarskóla sem lokið hafa við hæfnimarkmið grunnskólans stendur til boða að taka framhaldsskólaáfanga í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Einnig stendur nemendum unglíngastígs til boða að taka valáfanga í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Þá tekur Þingeyjarskóli þátt í Laugmótinu sem er íþróttamót skipulagt og haldið af Framhaldsskólanum á Laugum.

Aðrir grunnskólar

Samstarf er við aðra grunnskóla í sveitarfélaginu um ákveðna þætti í skólastarfinu og námi nemenda. Við gerð skóladagatala er haft samráð við aðra skóla í sveitarfélaginu til að opna á samstarf og nýta fyrir sameiginlega fyrirlestra sem dæmi. Gert er ráð fyrir tveimur sameiginlegum skóladögum á skóladagatali þar sem nemendur fara á milli skóla. Einnig hafa nemendur tækifæri til að nýta samkomur á vegum annarra félagsmiðstöðva í sveitarfélaginu og einstaka sinnum íþrótt- og listviðburði sem eru í gangi í hinum skólunum.

Háskólinn

Þingeyjarskóli hefur tekið á móti kennaranemum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Einnig hefur Þingeyjarskóli átt þess kost að sækja ýmsa þjónustu til Háskólans á Akureyri og er m.a. í þróunarverkefninu Læsi fyrir lífið sem ráðgjafar við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri leiða.

10. Tengsl við nærsamfélagið

Lögð er áhersla á tengsl nemenda við nærsamfélag skólans. Í nærsamfélagi skólans er fjölbreytt náttúra, manngert umhverfi og félagslegir þættir. Fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópar spila stórt hlutverk. Tenging nemenda við nærsamfélagið er með ýmsum hætti bæði við ákveðið námsefni og eflingu ákveðinnar færni nemenda. Útikennslusvæði er við skólann og í sífelldri þróun og vinnslu. Svæðið nýtist bæði grunn- og leikskólanemendum við ýmis verkefni. Samvinna við heimili og nærsamfélag er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og lögð er rækt við að efla þann þátt. Unnin eru samstarfsverkefni m.a. með leikskólum, grunn- og framhaldsskólum á svæðinu, eldri borgurum, félagasamtökum og atvinnurekendum eftir því sem tækifæri gefst. Mikilvægt er að rækta samstarf við þessa aðila og sjá þar með til þess að skólinn sé í góðum tengslum við samfélagið. Jákvæð samskipti við foreldra eru ekki aðeins gefandi heldur hafa þau einnig mikla þýðingu fyrir öflugt skólastarf. Þess vegna gerir starfsfólk skólans sér far um að hlusta á nærsamfélagið og virkja nemendur til góðra verka. Það stuðlar að betri skóla.

Starfskynningar

Skólinn leitast við að koma á samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu með það að markmiði að nemendur á unglingastigi fái tækifæri til að kynnast fjölbreyttu atvinnulífi með möguleikum á tengingu við áhugasvið þeirra. Mörg tækifæri eru til kynningar og fræðslu á fjölbreyttum störfum fólks í nærsamfélaginu og er skólinn áhugasamur um að nýta sér þau.

Haust- og vorþemadagar

Fyrstu og síðustu daga skólaársins er hefðbundinni kennslu ýtt til hliðar og við taka skóladagar sem einkennast af útivist, leikjum, náttúruskoðun, sveitaheimsóknunum og fleiru. Mikil áhersla er lögð á tengsl við nærsamfélagið á þessum dögum (sjá nánar í undirkaflanum *Þemavinna*).

Safnaferðir (t.d. vor- og haustþema)

Á svæðinu er mikið úrval safna sem skólinn leitast við að nýta í tengslum við námið.

Eldri borgarar

Starf eldri borgara fer fram í húsnaði skólans aðra hverja viku og gefst þá ákveðið tækifæri til samstarfs. Nemendur skólans hafa meðal annars flutt tónlist, gert laufabrauð, sett á svið leikþætti og verið með upplestur. Með þessu móti myndast tengsl milli kynslóða í samfélaginu.

11. Stoðþjónusta

Við skólann starfar stoðteymi sem heldur utan um málefni nemenda sem þurfa á stoðþjónustu að halda. Í teyminu eru sérkennarar, sálfræðingur og lestrarfræðingur. Stoðþjónusta Þingeyjarskóla snýr að því að þjónusta og veita nemendum, kennurum og stjórnendum stuðning. Innan stoðþjónustunnar er gert ráð fyrir stuðningsúræðum, greiningum og skimunum, kennsluráðgjöf, námsráðgjöf, ráðgjöf þroskaþjálfara, ábyrgð á skipulagi sér- og stuðningskennslu og öðrum úrræðum sem talin eru nauðsynleg á hverjum tíma. Hlutverk teymisins er að hafa yfirsýn yfir og meta þörf á frekari þjónustu við einstaka nemendur, veita handleiðslu og stuðning innan sem utan teymisins og sjá um upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks. Stoðteymið fundar vikulega.

12. Móttaka nýrra nemenda og starfsmanna

Nemendur í 1. bekk

Við Þingeyjarskóla eru tvær leikskóladeildir, Barnaborg í sama húsnæði og grunnskóla- og tónlistardeild Þingeyjarskóla í Aðaldal og Krílabær á Laugum. Leitast er við að hafa gott samstarf á milli nemenda á yngsta stigi grunnskólans og elsta árgangs leikskóladeildanna. Samstarfið hefst alla jafna að hausti og er aðlagð að þörfum hópsins hverju sinni. Samstarfið felst í heimsóknum á milli skólastiga. Annars vegar á þann hátt að leikskólahópurinn kemur vikulega í heimsókn í 1. bekk og tekur þátt í ýmsum verkefnum sem hugsuð eru sem undirbúningur fyrir upphaf grunnskólagöngunnar og hins vegar að 1. bekkingar heimsækja leikskóladeildirnar. Að vori fara fram skilafundir milli kennara leik- og grunnskóladeildanna.

Markmiðin með samstarfinu eru að:

- Leikskólabörninn kynnist starfsfólki grunnskólans.
- Leikskólabörninn kynnist húsakynnum grunnskóladeildarinnar og finnst þau örugg innan veggja hennar.
- Börnin kynnist innbyrðis.
- Börnin kynnist reglum og vinnubrögðum í skólastofum grunnskólans.
- Grunnskólabörninn viðhaldi kynnum við leikskólabörninn og heimsækji leikskóladeildirnar.

Nýir nemendur

Til að sækja um skólavist hafa foreldrar/forráðamenn samband við skólastjóra. Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandi og foreldrar/forráðamenn eru boðaðir í heimsókn í skólann áður en skólagangan hefst. Skólastjóri og umsjónarkennari taka á móti þeim og afhenda starfsáætlun, stundaskrá og önnur nauðsynleg gögn. Einnig fá þeir kynningu á húsnæði skólans og umhverfi hans. Umsjónarkennari undirbýr bekkjarfélagana undir komu nýs nemanda og hugar að félagslegri tengingu nemandans í bekknum/skólanum t.d. með því að fela ákveðnum einstaklingi að vera tengiliður hans inn í hópinn. Umsjónarkennari kynnir sér einnig námsstöðu nemandans. Ef um sértæka námsörðugleika er að ræða óskar umsjónarkennari eftir viðeigandi gögnum frá foreldrum/forráðamönnum og skipuleggur kennslu í samráði við sérkennara.

Móttaka og kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku

Til að sækja um skólavist hafa foreldrar/forráðamenn samband við skólastjóra. Nemandinn og foreldrar/forráðamenn mæta á fund með skólastjóra, umsjónarkennara, fulltrúa stoðteymis og túlki ef á þarf að halda. Þar skiptast skólinn og foreldrar/forráðamenn á mikilvægum upplýsingum er varða skólagöngu barnsins. Ef nemandinn er nýfluttur til landsins skal skila inn heilbrigðis- og og bólusetningavottorði. Vottorð um læknisskoðun þarf frá börnum sem voru búsett utan Evrópusambandsins.

Í framhaldi af viðtalinu meta skólastjóri, stoðteymisstjóri og umsjónarkennari stöðu nemandans í námi. Ef nemandinn hefur búið á Íslandi í einhvern tíma og getur tjáð sig á íslensku er lagt fyrir hann *Á milli mála próf* til að meta þekkingu hans á tungumálinu. Á grundvelli þeirra upplýsinga er unnin einstaklingsnámskrá þar sem ákveðinn er tímafjöldi í íslensku fyrir nemandann. Umsjónarkennari boðar þá starfsmenn sem koma að nemandanum til stöðu- og samráðsfundar reglulega. Að öðru leyti fer móttaka nemandans fram með sama hætti og hjá öðrum nýjum nemendum.

Móttaka og tilfærsluáætlun nemenda með sérþarfir

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskahömlun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Móttaka nemenda með sérþarfir er einstaklingsmiðuð og fer eftir hvers eðlis sérþarfirnar eru. Haldinn er fundur með foreldrum/forráðamönnum og þeim fagaðilum sem koma að þjónustu við nemandann. Fundinn sitja skólastjóri, umsjónarkennari og fulltrúi/-ar stoðteymis. Þar fær skólinn upplýsingar um stöðu nemandans. Í mörgum tilfellum er ástæða til að mynda þjónustuteymi fagfólks sem hittist reglulega til að meta stöðuna og þá þjónustu sem nemandinn þarf. Hvert teymi er sniðið eftir þörfum nemandans og þeir fagaðilar mynda teymið sem tengjast málefnum hans.

Umsjónarkennari ásamt stoðteymi gera einstaklingsnámskrá og stundaskrá sem miðast við getu og þarfir nemandans.

Fundur vegna barns með sérþarfir sem er að hefja skólagöngu í 1. bekk er haldinn að vori áður en formleg skólaganga hefst, þegar við á. Fundinn sitja skólastjóri, stoðteymisstjóri,

teymisstjóri yngsta stigs og umsjónarkennari ef búið er að taka ákvörðun um hver hann verður. Þar er tekin ákvörðun með hvaða hætti aðlögun nemandans í skólann skuli hagað.

Móttaka nýrra starfsmanna

Tilgangur með áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er að kynna fyrir þeim mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað.

Skólastjóri:

- Sér um að nýr starfsmaður undirriti ráðningarsamning.
- Fer yfir starfslýsingu og hæfniskröfur starfsins með kennara/starfsmanni og ræðir starfshætti í væntanlegu starfi.
- Afhendir starfsáætlun.
- Veitir nýjum starfsmanni upplýsingar um vinnureglur, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsmannafundi.
- Kynnir húsakynni og umhverfi.
- Kynnir nýja starfsmenn á fyrsta starfsmannafundi.
- Kynnir nýja starfsmenn fyrir nemendum og foreldrum.
- Skipar tengilið fyrir starfsmanninn innan skólans.

Tengiliður:

- Fer í gegnum starfsáætlun með starfsmanni.
- Kynnir upplýsingamiðla og heimasíðu.
- Fer yfir hagnýt ráð, s.s. skipulag matar- og kaffitíma, fatnað, hefðir og umgengi í skólanum.

Umsjónarmaður snjalltækja og tölvumála:

- Kynnir tölvukerfi skólans, tölvupóst, geymslu gagna o.fl.
- Kynnir vefsíðu skólans og hver setur inn efni á hana.
- Sér um að starfsmaður fái tölvunetfang í gegnum lén skólans.

Umsjónarmaður Mentor:

- Skráir starfsmann inn í kerfið.
- Kynnir Mentorkerfið og notkun þess fyrir starfsmanni.

Trúnaðarmaður:

- Kynnir það stéttarfélag sem við á (KÍ, Framsýn).

- Kynnir réttindi og skyldur starfsmanna skv. kjarasamningi.

Húsvörður:

- Afhendir nýjum starfsmanni lykla og heldur utan um skráningu vegna þessa.

13. Áætlanir og stefnur

Uppeldisstefnan jákvæður agi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga allir skólar að fylgja ákveðinni uppeldisstefnu. Þingeyjarskóli starfar eftir uppeldisstefnunni *Jákvæður agi* (Positive discipline). Stefnan byggir á svokölluðum sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar, fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu.

Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Lögð er áhersla á kennslu, skilning, hvatningu, jákvæð samskipti og gott samband milli heimila og skóla. Starfsmenn vinna saman í teyrum og hjálpast að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma.

Jákvæður agi gefur börnum jafnframt tækifæri til að efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni þar sem virðing, góðvild og festa er höfð að leiðarljósi.

Með notkun Jákvæðs aga viljum við styðja nemendur í að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni, sem kemur til með að styrkja þá sem einstaklinga og auðvelda þeim að takast á við verkefni daglegs lífs.

Læsisstefna

Læsisstefna Þingeyjarskóla er í vinnslu.

Starfsmannastefna

Í vinnslu

Starfsþróunarstefna

Starfsþróun hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt:

Starfsþróun er samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni

starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

[\(Stjórnarráð Íslands, Mennta- og menningamálaráðuneytið\)](#)

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 120 - 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Í Þingeyjarskóla er gerður greinarmunur á innri og ytri starfsþróun. Áhersla er lögð á jafnvægi milli innri og ytri starfsþróunar með það að leiðarljósi að starfsþróunin skili sér beint í starfið með nemendum og verði sýnileg í starfi viðkomandi starfsmanns. Ytri starfsþróun felur til dæmis í sér námskeið, vinnustofur, ráðstefnur, fræðslufundi og þátttöku í verkefnum með utanaðkomandi aðilum. Innri starfsþróun felur til dæmis í sér ígrundun í mismunandi teymum með lausnaleyti að leiðarljósi, verkefni sem byggja á félagastuðningi og þróunarverkefni.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari telur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats. Lögð er áhersla á það að allt starfsfólk skólans eigi kost á endurmenntun sem eflir það í starfi og nýtist starfsemi skólans. Við val á námskeiðum skal taka mið af þörf skólans hverju sinni auk áhugasviðs starfsmanns. Ætlast er til þess að starfsfólk meti einnig sjálft á hvaða sviði það telur sig helst þurfa aukna þjálfun og menntunar.

Áhersla er lögð á að starfsmenn geti sótt tilfallandi fræðslufundi og ráðstefnur á skólatíma. Æskilegt er að fleiri en einn starfsmaður sækji hvert námskeið til að styrkja vinnu í kjölfarið. Ætlast er til að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans segi samstarfsmönnum frá námskeiðinu á sérstökum fundum eða skili skólastjóra skýrslu sem aðrir starfsmenn hafa aðgang að. Þetta er m.a. gert til að miðla fróðleiknum til skólasamfélagsins og skapa þannig skilyrði til að festa jákvæðar breytingar í sessi.

[Starfsþróunaráætlun Þingeyjarskóla 2024-2025](#)

Forvarnarstefna Þingeyjarskóla

Forvarnaráætlun Þingeyjarskóla miðar að því að stuðla að alhliða heilbrigði nemenda.

Forvarnir spanna mjög breitt svið sem tengist velferð nemenda, s.s. líðan, sjálfsmynd, námsárangri, skólasókn, samskiptum og áhugamálum. Fræðslan fer fram í skólanum með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að henni s.s. kennarar, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og utanaðkomandi aðilar.

Umræður, fræðsla og góður skólabragur geta stuðlað að því að nemendur velji hollan mat, stundi útivist og hreyfingu og hafni tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum.

Skólinn leggur áherslu á:

- Að hafa jákvæðan og lýðræðislegan skólabrag
- Að nýta kennslu með markvissum hætti til að stuðla að jákvæðum viðhorfum og heilbrigðum lífsstíl
- Að halda uppi öflugu félagsstarfi þar sem nemendur þjálfast í að skemmta sér og öðrum með heilbrigðum hætti án tóbaks og annarra vímuefna
- Að vera í góðri samvinnu við aðra aðila sem koma að málefnum barna og unglinga bæði innan sveitarfélagsins og utan, t.d. í gegnum félagsstarf og íþróttir
- Að nota niðurstöður kannana í forvarnarstörfum
- Að ýta undir jákvæð samskipti og samveru þvert á aldur og kyn
- Að hafa reglur skólans skýrar og sýnilegar

Viðbragðsáætlun gegn einelti

Það er mikilvægt að allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar, standi saman og vinni gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Ef grunur um einelti kemur upp geta nemendur og foreldrar haft samband við hvaða starfsmann skólans sem er sem síðan kemur tilkynningunni áfram til bæði skólastjóra og umsjónarkennara.

[Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla gegn einelti](#)

Viðbrögð við áföllum

Mikilvægt er fyrir alla skóla að til sé áfallaáætlun sem hægt er að styðjast við ef upp koma áföll hvort sem það er meðal nemenda, starfsmanna, forráðamanna og/eða systkina nemenda.

Þegar áföll verða hjá nemendum eða starfsfólki skólans er mikilvægt að þeir sem fyrir því verða eigi kost á aðstoð og stuðningi. Mikilvægt er að skólinn fái tilkynningu sem allra fyrst sé þess kostur á.

Áfall og sorg geta verið af ýmsum toga. Sorg er ekki ein tilfinning heldur tilfinningaferli sem tekur tíma að vinna sig frá og ekki er hægt að hraða því ferli. Hvort sem okkur finnst áfall vera stórt eða smátt er nauðsynlegt að veita stuðning.

Dæmi um áfall:

- Andlát
- Slys
- Alvarleg veikindi
- Alvarlegt ofbeldi nemanda eða starfsmanna (gerandi eða þolandi)
- Fangelsisvist skyldmennis
- Handtaka
- Sjálfsvíg
- Skilnaður
- Kynferðislegt ofbeldi
- Náttúruhamfarir

Áfallateymi Þingeyjarskóla

Í áfallateymi Þingeyjarskóla eru: skólastjóri, sálfræðingur og teymisstjórar. Með teyminu starfa hlutaðeigandi umsjónarkennari. Áfallateymið getur leitað utanaðkomandi aðstoðar hjá heilsugæslu, presti, lögreglu og/eða læknum.

[Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla vegna áfalla](#)

Öryggi, slysavarnir og tryggingar

Öll slys sem verða í skólastarfinu skal skrá og tilkynna til hlutaðeigandi aðila s.s. vinnueftirlits, tryggingafélags Þingeyjarsveitar. Tryggingafélag Þingeyjarskóla er Vátryggingafélag Íslands. Atvikaskráning skal gerð í skráningarkerfi VÍS sem kallast Atvik. Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður Þingeyjarskóla halda utanum áhættugreiningar, vinnuverndaráætlanir og verkfella í samræmi við verkferla þá sem Vinnueftirlit ríkisins setur.

Rýmingaráætlun

Lögð er áhersla á að allt starfsfólk þekki vel rýmingaráætlun skólans og upplýsi nemendur um hana. Söfnunarsvæði nemenda og starfsfólks Þingeyjarskóla er steypt stétt á milli skóla og Ýdala. Umsjónarmenn söfnunarsvæðis eru skólastjórar og teymis/deildarstjórar. Á hverju skólaári er rýming æfð með öllu starfsfólki og nemendum Þingeyjarskóla.

[Rýmingaráætlun Þingeyjarskóla](#)**Röskun á skólahaldi**

Verði skólafall eða röskun á skólahaldi af einhverjum ástæðum s.s. óveðurs, veikinda og/eða annarra orsaka er það það tilkynnt inn á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is og tilkynning send foreldrum/forráðamönnum í gegnum Mentor á formi sms og tölvupósts.

Óveður og/eða ófærð

Skólastjóri metur, í samráði við skólabílstjóra, hvenær veðurútlit er orðið það slæmt að fella þurfi niður skólaakstur. Þurfi að fella niður skólaakstur vegna veðurs og/eða ófærðar er það tilkynnt á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is og tilkynning send foreldrum/forráðamönnum í gegnum Mentor á formi sms og tölvupósts. Almenna reglan er sú að skólaakstur skuli falla niður ef appelsínugul viðvörðun er í gildi. Ef skólaakstri er aflýst er ekki um hefðbundið skólastarf að ræða þann daginn og þá er það foreldra að meta hvort barn eigi erindi í skólann.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist vel með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa þarf í huga að skólahverfi Þingeyjarskóla er víðfeðmt og aðstæður geta verið misjafnar. Foreldrar meta hvort þeir telja óhætt að senda börn sín í skóla og ef þeir kjósa að halda börnum sínum heima ber þeim að tilkynna slíkt annað hvort með því að hringja í skólann eða senda tölvupóst á umsjónarkennara eða skólastjóra.

Skólastjóri getur einnig seinkað skólaakstri eða flýtt heimför með tilliti til veðurs eða aflýst skólahaldi og lokað skólanum ef ófærð og óveður kalla á það. Slíkt er alltaf tilkynnt með sama hætti og breytingar á skólaakstri, þ.e. með tilkynningu á heimasíðu skólans og sms og tölvupósti til foreldra/forráðamanna í gegnum Mentor.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynja og mannréttindi. Þar er áhersla á að öll kyn hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun.

Jafnréttisáætlun Þingeyjarskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitsemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust, jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framfarar og góðan starfsanda. Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi í skólastarfi Þingeyjarskóla að tækifæri nemenda og starfsfólks byggja fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

[Jafnréttisáætlun Þingeyjarskóla](#)

Veikindafaraldur

Ef upp kemur veikindafaraldur vinnur skólinn eftir áætlun sem finna má á vef embættis landlæknis. <https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Þegar um alvarlegan faraldur er að ræða er unnið samkvæmt viðbragðsáætlun vegna neyðarstigs frá Almannavörnum. Í slíkum tilfellum er hægt að styðjast við áætlun skólans sem til er vegna Covid-19. [Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla vegna útbreiðslu Covid-19.](#)

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta og eldgoss.**Jarðskjálfti**

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun almannavarna ríkisins. Fara skal reglulega yfir viðbrögð við jarðskjálfta með nemendum.

[Viðbrögð við jarðskjálfta](#)

Eldgos

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér. Af eldgosum getur m.a. stafað hætta af hraunrennsli og öskufalli. Í slíkum tilfellum vinnur Þingeyjarskóli eftir áætlun sem finna má á vef almannavarna.

[Viðbrögð við eldgosi](#)